




Álfтанesskóli

viðbygging og endurbygging 2018

Yfirlitsmynd af núverandi skólahúsi sem er neðst fyrir miðju á þessari mynd. Dökki flöturinn á myndinni er væntanleg viðbygging 2018 og tenging við íþróttahúsið. Fyrsti hluti skólabyggingarinnar er frá 1978. Sá hluti skólahússins er til vinstri á þessari mynd og allur á einni hæð. Við skólahúsið hefur síðan verið byggt jafnt og þétt með stækkandi byggð á Álftanesi. Haustið 1999 hófst framkvæmd við viðbyggingu Álftanesskóla og var sá hluti í fyrstu upp á tvær hæðir og tekin í notkun haustið 2000. Árið 2004 var þriðju hæðinni bætt ofan á og sá hluti skólahússins einnig lengdur og tekin í notkun haustið 2005. Enn og aftur er byggt við.



Forsendur viðbyggingar 2018, bætt vinnuaðstaða:

1.

Byggt og bætt aðstaða skólans miðað við núverandi stærð skólans

2.

Nýr og stærri matsalur / samkomusalur skólans

3.

Fjölga á stofum/ vinnurýmum v. stoðþjónustu og stjórnunar skólans

4.

Varanleg aðstaða fyrir Frístund tómstundaheimili Álftanesskóla innan skólahúsins í stað Vallarhúss

5.

Endurhönnun vinnusvæða í eldra skólahúsi skólans

- ▶ Vinna stjórneda, starfsmanna, nemenda skólans og Foreldrafélags Álftanesskóla 2014-2016 vegna stækkunar - viðbyggingar við Álftanesskóla - um að bæta alla vinnuaðstöðu nemenda og starfsmanna skólans
- ▶ Greining og áætluð þörf viðbyggingar Álftanesskóla - skýrsla Einars Ingimarssonar arkitekts, um viðbótarhúsnæði Álftanesskóla haustið 2016
- ▶ Rýningarvinna/ skýrsla Einars Ingimarssonar kynnt starfsmönnum skólans, Skólaráði og stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla 2016/ 2017
- ▶ Ákvörðun bæjarráðs og bæjarstjórnar Garðabæjar um hönnun og teikningar viðbyggingar Álftanesskóla sett á fjárhagsáætlun 2017

- ▶ Gláma/ Kím arkitektastofa ráðin til að hanna og teikna 1500 fm. viðbyggingu á tveimur hæðum. Skilað í desember 2017
- ▶ Gláma/ Kím arkitektastofa ráðin til að hanna og teikna breytingar í eldra skólahúsi m.a. aðstöðu Frístundar, kennslurými og aðstöðu fyrir stoðþjónustu skólans um 200-300 fm. svæði. Skilað í desember 2017
- ▶ Ákvörðun bæjarráðs og bæjarstjórnar Garðabæjar um framkvæmd viðbyggingar Álftanesskóla sett á fjárhagsáætlun 2018 og 2019
- ▶ Skoðun, mat og samstarf um innihald og fyrirkomulag vinnurýma unnin af stjórnendum, nemendum og starfsmönnum skólans ásamt, tækni- og umhverfissviði, fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar 2016-2017
- ▶ Rýningarvinnan kynnt Skólaráði og stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla
- ▶ Áhættumatsgreining v. viðbyggingar og jarðvegsframkvæmda unnin af Verkfræðistofunni Mannvit í febrúar/ mars 2018

- ▶ Teikningar, áhættumat og framkvæmdavinna kynnt starfsmönnum skólans í mars/ apríl 2018
- ▶ Teikningar og hönnun framkvæmda tilbúin til útboðs í apríl 2018
- ▶ Tilboð opnuð í verkið 3. maí 2018
- ▶ Teikningar, áhættumat og framkvæmdavinna kynnt á almennum fundi með foreldrum Álftanesskóla 8. maí 2018
- ▶ Teikningar, áhættumat og framkvæmdavinna kynnt nemendum skólans í vikunni 14. - 18. maí 2018
- ▶ Upphaf framkvæmda áætluð 28. maí 2018
- ▶ Verklok framkvæmda áætluð 28. nóvember 2019

Viðbyggingin kemur á milli núverandi skólahúss og íþróttahúss og tengir þessi hús saman. Verulegar takmarkanir verða á gangandi umferð á byggingartímanum frá 28. maí 2018 til 28.nóvember 2019.



Skólastjóri Álfthanesskóla



14.5.2018

Rífa /brjóta þarf niður núverandi stigahús inn í matsal nemenda/ Hátíðarsal, Elítuna-félagsmiðstöð og slagverksstofu Tónlistarskólans. Einnig verður brotin niður núverandi tengibyggingu milli þriggja hæða skólabyggingarinnar og skólahússins sem er á einni hæð. Útbúa þarf nýja neyðarútganga vegna rýmingar skólahússins, úr matsal nemenda/ Hátíðarsal og einnig úr aðstöðu Elítunar félagsmiðstöð Álftanesskóla.



Skólastjóri Álftanesskóla




14.5.2018


Á byggingartíma viðbyggingar verður **Gamli inngangurinn** inn í Íþróttamiðstöðuna nýttur fyrir nemendur og starfsmenn til að komast í matsal nemenda/ Hátíðarsal. Þar er aðkoma um skábraut fyrir hreyfihamlaða og lyfta til að komast upp í matsal/ Hátíðarsal. Þarna verður einnig inngangur í Elítuna félagsmiðstöð nemenda og í Hátíðarsalinn fyrir félagasamtök og á viðburði á vegum bæjarfélagsins. Takmarka þarf verulega fólksfjölda sem sækir matsal skólans/ Hátíðarsal vegna rýmingaráætlunar og takmarkaðra flóttaleiða.




Yfirlitsmynd af viðbyggingu og tengingu milli núverandi skólahúss og íþróttahúss.
Inngangur á skrifstofur skólans verða um tengibyggingu milli skólahúsins og íþróttahúsins.
Inngangur fyrir nemendur er á 1. hæð í beinu framhaldi af Skólavegi/ tröðinni sem liggur frá Breiðumýri heim að skólahúsinu.




Á 1. hæð viðbyggingar er inngangur í skólann, skógeymslur, matsalur fyrir 240 nemendur sem einnig er skólasalur fyrir um 300 manns í sæti, eldhús, geymsla fyrir stóla og borð. Tengigangur fyrir nemendur og starfsmenn yfir í íþróttahús, sundlaug og Elítuna- félagsmiðstöð nemenda Álftanesskóla. Einnig flyst skólabókasafn skólans og bókasafn sveitarfélagsins yfir í nýju viðbygginguna. Gengið er inn á bókasafnið um tengibyggingu skólans og íþróttahúss. Öll aðstaða fyrir hreyfihamlaða verður bætt verulega, bæði innan skólans sem og út úr íþróttahúsinu. Lyfta verður í nýrri tengibyggingu milli skólahúsins og íþróttahúsins.



Á 2. hæð viðbyggingar verða meðal annars móttaka og ritari skólans, skrifstofur skólastjórnenda, skrifstofur stoðþjónustu skólans, skólasálfræðings, námsráðgjafa, fundarherbergi, kaffistofa, vinnustofur starfsmanna og tengigangur nemenda og starfsmanna yfir í íþróttahús, sundlaug og Elítuna- félagsmiðstöð Álftanesskóla





Í eldri hluta skólahússins er áætlað að innrétta aðstöðu fyrir Frístund /tómstundaheimili Álftanesskóla þar sem núverandi skólabókasafn og skrifstofur skólans eru. Einnig breytist núverandi kaffistofa og vinnustofa starfsmanna skólans í tvær nýjar kennslustofur, sameiginlegt stoðrymi og geymslu fyrir námsbækur- og skólagögn. Nemendaskápar fyrir 120 nemendur í 8.-10. bekk verða staðsettir á gangi fyrir framan núverandi Sal skólans.



Frístund- tómstundaheimili Álftanesskóla.

Á byggingartíma viðbyggingar skólans flyst tímabundið starf Frístundar/tómstundaheimilis úr Vallarhúsinu við Breiðumýri sem fer nú alfarið yfir til íþróttavallanna, í þá fjóra kennsluskála sem standa á skólalóð skólans. Skálarnir verða tengdir saman með tengibyggingu núna í sumar. Framkvæmdir hefjast strax að loknum skólaslitum 8. júní 2018 og á þeim að vera lokið fyrir 15. ágúst 2018




Ágætu nemendur, starfsmenn, foreldrar nemenda í Álftanesskóla og íbúar á Álftanesi.


- ▶ Það er ljóst að um verulegar þrengingar og annmarka verður að ræða fyrir gangandi og akandi umferð á skóla- og íþróttasvæðinu á byggingartíma viðbyggingarinnar.
- ▶ Um er að ræða mjög viðkvæmt byggingarsvæði og er öflugt áhættumat gert til að tryggja sem best, öryggi nemenda, starfsmanna, foreldra skólans og gesti íþróttahúss.
- ▶ Einnig tekur áhættumatið til allrar umferðar á framkvæmdatímanum m.a. vegna starfsemi leikskólanna Holtakots og Krakkakots, Íþróttamiðstöðvar Álftaness og íþróttavalla og íþróttasvæðis á Álftanesi.
- ▶ Áhættumatið tekur einnig til alls nærsamfélags skólans og umferðar sem hlýst af vegna þessara viðbyggingar og tengdra framkvæmda hennar

Eins og áður greinir var unnið nauðsynlegt áhættumat vegna umferðar og framkvæmda verktaka á byggingartíma viðbyggingar skólans. Mannvit- verkfræðistofa vann áhættumatið fyrir Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar.

Umferðarleið verktaka frá 28. maí til hausts 2018 er áætluð eins og teikningar sýna.



Áætluð umferð verktaka að byggingarsvæði viðbyggingar skólaárið 2018-2019 og haustið 2019.



Mynd 12. Yfirlitsmynd af svæði 2 sem núverandi tillaga gerir ráð fyrir að verði notað eftir að skólastarf hefst aftur haustið 2018.



Mynd 15. Göngustígurinn sem verður notaður undir aðkomuveg.

Til hamingju með þennan byggingaráfanga
Álftanesskóla og megi hann verða skólasamfélaginu
á Álftanesi og í Garðabæ til heilla og framfara.
Saman byggjum við upp sterkt skólasamfélag sem
styður við og eflir mannrækt og náttúru.

Skólastjóri Álftanesskóla